

53.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn 28.januar 2015 í fundarherbergi ÍSI í Laugardal og hófst kl. 20.00. Fundurinn markar upphaf 6.starfsárs sambandsins.
Mætt: Sigurjón, Ása, Sturla, Kári og Gry

Endurkjörinn formaður, Sigurjón Pétursson, setti fundinn og bauð velkomin til starfa. Verkaskipting stjórnar verður áfram sú sama. Ása tekur sæti í mótanefnd.

Þetta gerðist:

- **Fundargerð** síðasta fundar samþykkt.
- **5.Kraftlyftingaþing.**
Þinggerð samþykkt og sett á vefinn.
Farið yfir tillögur og ályktanir þingsins.
Ályktun þingsins um jafnrétti tekin til greina í framhaldandi starfi.
Tillaga 1 og 2 frá Gróttu teknar inn í umræðu um afreksstefnu 2015-18.
Tillaga 3 frá Gróttu beint til Kára sem uppfærir útreikninga á landsliðsviðmiðum í búnaði.
Tillaga frá KFA um keppnisvelli vísuð til KFA með beiðni um nánari útfærslu á framkvæmd og með hvaða hætti sambandið kæmi að þessu máli.
Tillaga frá KFA sem kom fram undir liðnum *Önnur mál* verður tekin inn í umræðuna um afreksstefnu 2015 – 18.
Í ljós hefur komið að sú tillaga fór ekki út með þinggögnum vegna handvömm ritara sem biðst afsökunar á því.
Framkvæmd: Kári uppfærir lágmark. Gry sendir erindi til KFA um nánari útfærslu.
- **Skipan í nefndir fyrir starfsárið 2015.**
Dómaranefnd: Helgi Hauksson formaður, Sturlaugur A. Gunnarsson og Guðjón Hafliðason.
Landliðsnefnd: Sturla Ólafsson formaður, Helgi Hauksson og Kári Rafn Karlsson.
Varamenn: Borghildur Erlingsdóttir og Einar Már Rikarðsson.
Fræðslunefnd: Gry Ek formaður, Gunnlaug Olsen og Auðunn Jónsson
Mótanefnd: Júlían J. K. Jóhannsson formaður, Ása Ólafsdóttir og Einar Örn Guðnason, Stjórnin leggur á mótanefnd það verkefni að gera tékklista fyrir mótshaldara og búa til ferli til að taka út framkvæmd móta eftirá.
Aganefnd: Anna Sigríður Arnardóttir formaður, Grétar Dór Sigurðsson og Sturla Ólafsson. Varamenn: Áslaug Einarsdóttir og Alexander Ingi Olsen.
Útbreiðslunefnd: Grétar Skúli Gunnarsson formaður, Grétar Hrafnsson
Fjölmiðlanefnd: Árdís Ósk Steinarsdóttir formaður, Sigurður Þorri Gunnarsson.
Fjáröflunarnefnd: Grétar Skúli Gunnarsson
Heiðursmerkjanefnd: Sigurjón Pétursson formaður, Guðjón Hafliðason og Auðunn Jónsson.
Framkvæmd: Ása lýsir eftir áhugasömum Gróttufélögum í fjölmiðlanefnd. Gry talar við fjölmiðla- og fræðslunefndarfólkið. **Sigurjón** talar við útbreiðslu- og fjáröflunarnefndarmenn.
- Upplýst var að úthlutað hefur verið úr **afrekssjóði** fyrir árið 2015 og fékk Kraftlyftingasambandið úthlutað 5.420.000 krónur.

- **Kraftlyftingamaður ársins.**
Lögð fram tillaga um hvernig val á kraftlyftingamenn ársins geti farið fram. Tillagan verður lögð fyrir formannafund að vori til umræðu.

- **RIG.**
Gry gerði grein fyrir RIG 2015 og lagði fram tillögu um að skoðaður yrði möguleikinn á að koma RIG á mótaskrá IPF og EFP f.o.m. 2016.
Sigurjón tekur málið til skoðunar. Tillaga um þetta verður lögð fyrir formannafund að vori ef hún þykir fýsileg að mati stjórnar.

- **Dómur í máli lyfjadómstóls.**
Beðið er eftir hugsanlegri áfrýjun.

- **Landsliðsmál.**
Landsliðsnefnd hefur skilað af sér lokaútgáfu af landsliðssamningi og var hun lögð fram. Í kjölfar fundarins fór fram atkvæðagreiðsla um samninginn í tölvupósti, og var hann samþykktur gegn atkvæði Ásu. Samningurinn tekur þegar gildi og verður unnið samkvæmt honum hér eftir.

- **Önnur mál.**
Guðni Sigurjónsson, frv heimsmeistari í kraftlyftingum, er látinn. Hans verður minnst á kraft.is

Ekkert fleira gert.

Fundi slitið kl. 22.40.

Fundarritari Gry Ek